

66. kirkjuþing 2024 - 2025

21. mál – þskj. 21a

## T I L L A G A

### að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 11/2021 - 2022.

Flm. Steindór R. Haraldsson, Óskar Magnússon, Stefán Magnússon.

#### 1. gr.

28. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Málfrelsi og tillögurétt á fundum kirkjuþings hafa auk kirkjuþingsfulltrúa, biskup Íslands, vígslubiskuparnir í Skálholti og á Hólum, framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar, fulltrúi guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og fulltrúi kirkjuþings unga fólksins.

Biskup Íslands og forseti kirkjuþings geta falið fulltrúa sínum að gera grein fyrir þingmáli og taka þátt í umræðum fyrir sína hönd.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, tillagan öðlast gildi við birtingu.

#### Greinargerð.

Flutningsfólk telur rétt og nauðsynlegt að framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar hafi málfrelsi og tillögurétt á kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri verður m.a. að geta svarað kirkjuþingsfulltrúum um hinar ýmsu fjárhagsaðgerðir sem þjónustumiðstöð stendur fyrir.